
Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 521/2011

**M
og
vátryggingafélagið X v/ húseigendatryggingar.**

Ágreiningur um bótaskyldu vegna vatnstjóns á parketi og gerefti.

Gögn.

202. Málskot, móttækið 20.12.2011, ásamt fylgigögnum.

203. Bréf X, dags. 18.1.2012.

Málsatvik.

Tjón af völdum vatns varð á parketi og gerefti í íbúð M). Ekki liggur fyrir hvenær tjónið varð. M hefur húseigendatryggingu hjá vátryggingafélaginu X. Parketið, sem er úr gegnheilli rauðri eik, mun hafa verið slípað í ágúst 2010 og mun X hafa fengið M iðnaðarmann til þess verks. M kveður tjón á gerefti hins vegar ekki hafa verið bætt. Eftir slípunina munu sprungur hafa myndast í parketinu og telur M að þær verði raktar til þess að viðgerðarmaðurinn hafi notað vatnspynnanlegan fylli til að fylla upp í rifur í gólfinu. Af þessum sökum hafi viðgerðin á parketinu verið ófullnægjandi og tjónið sé því ekki bætt að fullu. Þessu til stuðnings vísar M m.a. til álitsgerðar parketviðgerðarmanns sem V fékk til að meta ástand gólfsins.

X viðurkennir bótaskyldur sína hvað gereftið varðar. Á hinn bóginn telur X að krafa M vegna parketsins varði fjárhæð bóta vegna þess tjóns sem á því varð og það samþykki ekki að nefndin taki þann ágreining til meðferðar.

Álit.

Þar sem X hefur viðurkennt bótaskyldu vegna tjóns á gerefti verður fallist á kröfu M þar að lútandi. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, úrskurðar nefndin um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og vátryggingafélags sem hefur starfsleyfi hér á landi. Þá segir í 2. mgr. sömu greinar að nefndin úrskurði um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila. Eins og mál þetta liggur fyrir þykir ljóst að ágreiningur vegna tjóns á parketinu snýst um fjárhæð bóta fyrir tjónið. X hefur ekki samþykkt að nefndin fjalli um þann ágreining. Samkvæmt því, sbr. 2. mgr. 3. gr. samþykktanna, verður ekki hjá því komist að vísa þessum þætti ágreiningsins frá nefndinni.

Niðurstaða.

Viðurkenndur er réttur M til bóta úr húseigendatryggingu sinni hjá X vegna tjóns á gerfti. Ágreiningi vegna tjóns á parketi er vísað frá nefndinni.

Reykjavík, 21. febrúar 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.